

VÖRULÝSING

Flowseal EPW Gloss er 2ja þátta vatnsþynnanleg epoxýgólfmálning með góða þekjueiginleika. Flowseal EPW Gloss er notað til að mála og loka nýjum og eldri gólf- og veggflötum úr steinsteypu þar sem krafa er um niðsterkt og auðþrifið yfirborð, með mikið efna- og álagspól. Flowseal EPW Gloss hefur gott útflot, myndar gljáandi, jafna filmu og er hægt að fá í mörgum litum. Fæst einnig í stöðluðum gráum gólfliit (NCS 2502-Y) og hvítu.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UNDIRBÚNINGUR/UNDIRLAG

Yfirborðsáferð og afrétting undirlags skulu vera samkvæmt kröfum vegna þeirra efna sem ætlunin er að nota.

Flowseal EPW Gloss má leggja út á þétt og traust undirlag sem veitir nægilega viðloðun. Best er hún hjá hreinni steinsteypu, án nokkurra yfirborðsefna sem gætu haft neikvæð áhrif. Mælt er með að fjarlægja sementslag af yfirborði með slípun og ryksugu. Sama gildir um önnur efni sem kunna að hafa verið borin á yfirborðið. Eldri gólf skal skúra með Nordsjö Málartvätt og vatni, matta og ryksuga. Hafið samband við söluaðila, vakni spurningar um mengunarefni í steypunni, t.d. olíur.

BLÖNDUN

Flowseal EPW Gloss er 2ja þátta efni, þættir A og B.

Hellið grunnefni A yfir í herði B, blandið vandlega og þrýstið að hliðum og botni íláts. Eftir blöndun efnisþáttanna er bætt við vatni sem hér segir:

- 20% vatn, miðað við þunga efnisþátta (A+B), fyrir fyrstu umferð eða grunnun.
- 10% vatn, miðað við þunga efnisþátta (A+B), fyrir síðari umferðir.

Athugið: Bætið alls ekki aukavatni í blöndu. Blandað efni skal nota innan 40 mínútna og skal ekki þynnast frekar að þeim tíma liðnum.

Skiptið ekki upp þegar blönduðu efni. Röng blöndunarhlutföll eða ófullnægjandi blöndun geta leitt til fráviks í hörðun, lit og áferð.

BLÖNDUNARHLUTFÖLL

1 hluti þáttar A blandist með 3,3 hlutum af þætti B (þungahlutföll)
1 hluti þáttar A blandist með 2,8 hlutum af þætti B (rúmmálshlutföll)
20% vatns (þungahlutfall) bætist í blönduna A+B fyrir grunnun og fyrstu umferð
10% vatns (þungahlutfall) bætist í blönduna A+B fyrir síðari umferðir

Athugið: Eftir íblöndun vatns, skal **ekki** auka vatnsmagnið frekar.

Hellið öllu grunnefninu A yfir í herðinn B, og síðan vatninu.
Blandið með borvélarhræru á hægum hraða. Gætið þess að fanga sem minnst loft.

VINNULEIÐBEININGAR

Flowseal EPW Gloss er borið á með rúllu eða gúmmísköfu. Seinni umferð er borin á þegar sú fyrri er þornuð. Hún skal ekki borin á fyrr en eftir 12 klst, og ekki síðar en 24 klst eftir fyrri umferð (miðað við umhverfishitastig á bilinu 15-25°C).

Mikilvæg atriði:

- Tryggið góða lofræstingu; annars er hætt á myndun matta bletta.
- Hæfilegur lofraki (< 70%) og góð lofræsting eru forsendur fyrir ofangreindum þurrktímum.
- Óhætt er að ganga á gólfi eftir 12 klst við 20°C.
- Full hörðun næst á 5-7 dögum.
- Leggið ekki yfirbreiðslur á flötinn fyrstu 24 klst.
- Berið ekki Flowseal EPW Gloss á við hærra hitastig en 25°C.



Athugið: Steinsteypa er afar gleypt efni. Þegar hún hitnar yfir daginn losnar loft og gufa úr henni. Yfirborðsefni sem lagt er út meðan á því stendur myndar að líkindum bólur og nálaraugu. Til að forðast þetta ætti að bera efnið á þegar hitastig steinsteypunnar er stöðugt eða fallandi (frá síðdegi fram á kvöld).

Hættið vinnu vel fyrir dögum þannig að efnið nái nokkurri þornun áður en gufulosun steypunnar hefst að nýju. Þessi tími getur verið frá 1 til 6 klst en það fer eftir hitastigi og öðrum aðstæðum. Hlífið vinnuflötum við beinu sólarljósi.

Nauðsynlegt getur reynst að grunna aukalega sé útgufun steinsteypunnar mikil. Leitið ráðlegginga söluaðila í þeim tilvikum.

Flowcrete vörur eru oft margþátta. Léleg blöndun getur valdið misjafnri og ófullnægjandi hörðnun, sem hefur áhrif á lokaútkomu verksins.

Umhverfishitastig ætti að vera yfir 15°C til að bestur árangur náist. Yfirborðshitastig sé yfir 10°C en mælt er með 15-25°C.

Gætið þess að yfirborðshitastig undirlags sé ávallt a.m.k. 3°C yfir daggarmarki meðan á vinnu og hörðnun stendur.

Vöruna ætti að geyma á stað þar sem hitastig er sem næst hitastigi vinnusvæðis, þ.e. á bilinu 15-25°C. Það bætir blöndun, flæði, ísog og hörðnun.

Tryggið góða loftræstingu. Það hraðar hörðnun og eykur gæði og styrk yfirborðs. Loftraki sé 70% að hámarki.

Á vinnusvæðum er oft að finna margs konar efnavörur. Tryggið aðskilnað efna til að draga úr líkum á mistökum.

TÆKNIUPPLÝSINGAR

EFNISNOTKUN / HLUTFÖLL ÞÁTTA

Efnisnotkun: Á bilinu 0,1-0,2 kg/m² í hverja umferð (háð undirlagi)

Hlutföll þátta: Skv. þyngd: 1:3,3

Skv. rúmmáli: 1:2,8

VINNUHITASTIG Mælt er með yfirborðshitastigi á bilinu 15-25°C og alls ekki undir 10°C. Gætið þess að yfirborðshitastig undirlags sé ávallt a.m.k. 3°C yfir daggarmarki meðan á vinnu og hörðnun stendur.

NOTKUNARTÍMI BLÖNDU Blandað efni skal nota innan 40 mínútna frá blöndun, við 18°C. Mögulegur notkunartími stýttist með hærri hitastigi.

HÖRÐNUNARTÍMI VIÐ 20°C Má yfirmála eftir 12 klukkustundir, að hámarki eftir 24 klukkustundir. Ganga má á gólfi eftir 12 klukkustundir. Tryggið lágan loftraka, að hámarki 70%, og góða loftræstingu. Það eru forsendur fyrir uppgefnum tímum. Full hörðnun næst á 5-7 dögum. Leggið ekki yfirbreiðslur á flötinn fyrstu 24 klukkustundirnar.

ÞURREFNI Um 65% fyrir Flowseal EPW Gloss.

EÐLISÞYNGDIR

Þáttur A: Um 1,14 kg/l

Þáttur B: Um 1,35 kg/l

Blanda A+B: Um 1,30 kg/l

HREINSUN ÁHALDA Notið heitt sápuvatn.

UMBÚÐIR Varan er afgreidd í aðskildum hlutum A+B, í eftirfarandi stærðum:

Eining	Þáttur A	Þáttur B
9,1 kg (7,0 lítrar)	2,1 kg	7,0 kg

HEILSA OG UMHVERFI Flowseal EPW Gloss er án leysiefna og nánast lyktarlaust í vinnslu. Fylgja skal reglum og leiðbeiningum um heilsu og öryggi á vinnustöðum í hverju tilviki. Notendur ættu einnig að kynna sér öryggisblöð efnisþáttanna.

CE MERKING Sjá einstök atriði í samræmisýrilingu framleiðanda.